Rósin

*Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson*

## Moldun

### *Kveðja*

*Bubbi Morthens*

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta

vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.
Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

## Blessun

## Eftirspil

Brú yfir boðaföllin

*Paul Simon / Ómar Ragnarsson*

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og hlýhug*
*og bjóða kirkjugestum að þiggja veitingar*
*í safnaðarheimili Landakirkju að afhöfn lokinni.*

*Prestur:* Sr. Viðar Stefánsson
*Söngur:* XXXXXXX

*Píanó:* XXXXXX

*Útför gerð frá Landakirkju 7. júní 2022*

















# Dóra

## Fríða Dóra Jóhannsdóttir

f. 18. mars 1939 - d. 28. maí 2022



## Forspil

Söknuður

*Jóhann Helgason / Vilhjálmur Vilhjálmsson*

## Bæn

Drottinn er minn hirðir

*Margrét Scheving / 23. Davíðssálmur*

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum
lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum,
þar sem ég má næðis njóta.

Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari
um dimman dal,
óttast ég ekkert illt því
þú ert hjá mér.

Sproti þinn og stafur huggar mig.
Þú býrð mér borð
frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.

Já, gæfa og náð fylgja mér
alla ævidaga mína,
og í húsi drottins
bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

## Ritningarlestur

Góða nótt

*Geirmundur Valtýsson*

XXXXXX

## Guðspjall

*Ástarsæla*

*GunnarÞórðarsson / Þorsteinn Eggertsson*

Leggð´ aftur augun þín skær
ástin mín dagur er fjær.
Svo vil ég vaka þér hjá;
vernda þig – ef að ég má.

Er ég horf´ á þig hitnar mín sál.
Hverfur orð get´ ei túlkað mitt mál.
Og er sefurðu sætt mun ég vak´ yfir þér.
Sæll af ást ég er.

Sefur þú nú, sætt og rótt,
sveipuð í rökkri og yl.
Hvíldu hjá mér. Allt er hljótt.
Himneskt er að vera til.

Sólin er sest. Það er nótt.
Sefur þú nú sætt og rótt.
fegurð þín færir mér yl.
Gott finnst mér að vera til.

Litlum kossi ég lauslega stel
(lítinn þjófnað ég kossinn þann tel)
og er sefur þú sætt mun ég vak´ yfir þér.
Sæll af ást ég er.

Sefur þú nú, sætt og rótt...

Aftur er augun þín skær
opnast, þá verð ég þér nær.
Vernda þig áfram ég vil,
veita þér sælu og yl.

Öðrum kossi þá aftur ég stel.
Aðeins þér alla ást mína fel
– og að síðustu ást mína segi ég þér.
– Sæll af ást ég er.

## Minningarorð



*Brosið hennar mömmu*

*Kristján / Hreinsson*

Ég á í huga margar góðar myndir
Hún mamma stendur þar í grunni fremst
Og fyrirgefur allar aumar syndir
Að öllum leyndarmálum víst hún kemst

Ég sé í huga bros sem blíðlegt færir
Mér bjartan dag og styrk í hverri þraut
Þar sé ég von sem andann endurnærir
Og eld sem fylgir mér á lífsins braut

Já, birta hennar skein sem máttugt merki
Ef mér varð á, ef kom á hugann los
Og þess vegna í orði eða verki
Ég ætla mér að vernda þetta bros

Hún mamma mín er höll sem aldrei
hrynur
Í hennar skjóli ávallt dafna ég
Hún mamma er minn blíði, besti vinur
Og brosið hennar fegrar lífsins veg

Hún hefur fylgt mér bæði úti og inni
Hún er sú besta sál sem ég hef kynnst
Því lítið, fallegt bros frá mömmu minni
Er mesti dýrgripur sem hérna finnst

## Bæn
## Faðir vor